



Umsókn um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk

Almennar upplýsingar

Nafn umsækjanda

Kennitala umsækjanda

Lögheimili

Póstnúmer

Aðsetur (ef annað en lögheimili)

Póstnúmer

Netfang

Sími

Farsími

Nafn notanda (ef yngri en 18 ára)

Kennitala

Aðstandandi/tengiliður/forsjáraðili

Nafn

Sími

Tengsl

Netfang

Senda afrit af svarbréfi til aðstandanda/tengiliðs? ☐ Já ☐ Nei

Nafn

Sími

Tengsl

Netfang

Senda afrit af svarbréfi til aðstandanda/tengiliðs? ☐ Já ☐ Nei

Með því að fylla út upplýsingar um tengilið heimilar umsækjandi
Reykjavíkurborg að miðla upplýsingum í tengslum við umsókn þessa og þá
þjónustu sem veitt er á grundvelli hennar.

Spurningar

Hver er ástæða umsóknar? ☐ Hreyfihömlun ☐ Blinda ☐ Annað Skrá nánar hér fyrir neðan:

Sækja um nemakort? ☐ Já ☐ Nei

Er umsækjandi innlagður á sjúkrastofnun/hjúkrunarheimili/dvalarheimili? ☐ Já ☐ Nei

Hefur umsækjandi einhverja möguleika á öðrum ferðamáta? ☐ Já ☐ Nei

Hefur umsækjandi aðgang að bíl? ☐ Já ☐ Nei

Notar umsækjandi hjálpartæki? ☐ Nei ☐ Hjólastóll ☐ Göngugrind ☐ Hækjur ☐ Stafur

☐ Annað

Þarf umsækjandi aðstoð til að komast í og úr akstursþjónustubíl? ☐ Já ☐ Nei

Hefur umsækjandi fylgdarmann með sér? ☐ Já ☐ Nei

Fyrirhuguð erindi? ☐ Íþróttir ☐ Skóli ☐ Félagsstarf ☐ Læknisferðir

☐ Annað

Fylgiskjöl ☐ Læknisvottorð ☐ Annað

Ég staðfesti að allar upplýsingar sem veittar eru í sambandi við umsókn þessa eru réttar. Ég skuldbind mig til þess að upplýsa velferðarsvið um breytingar á búsetu og félagslegum aðstæðum sem áhrif kunna að hafa á umsóknina.

Til að geta sannreynt rétt minn á akstursþjónustu samkvæmt 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og reglum fyrir sameiginlega akstursþjónustu við fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu, þarf velferðarsvið Reykjavíkurborgar að afla persónuupplýsinga er mig varða. Vakin er athygli á vinnslu persónuupplýsinga af hálfu velferðarsviðs á næstu blaðsíðu.

Dagsetning

Undirskrift umsækjanda

Persónuverndarfræðsla

Forsjáraðilar fatlaðra barna geta sótt um akstursþjónustu t.d. vegna tómstunda, læknisferða, sjúkrapjálfunar eða til að rjúfa félagslega einangrun. Börn yngri en 6 ára skulu alltaf vera í fylgd með fullorðnum einstaklingi. Til þess að geta unnið úr umsókn og lagt mat á rétt til þjónustu í formi akstursþjónustu fatlaðs fólks er velferðarsviðið Reykjavíkurborgar nauðsynlegt að vinna með tilgreindar persónuupplýsingar. Unnið er með upplýsingar sem forsjáraðili lætur af hendi í umsóknarferli, en einnig sækir Reykjavíkurborg ákveðnar uppl. Í samræmi við lagaskyldu varðveitir borgin þessar upplýsingar ótímabundið.

Hver er tilgangur vinnslu og grundvöllur hennar?

Reykjavíkurborg er nauðsynlegt að vinna með persónuupplýsingar þínar til að leggja mat á umsókn um akstursþjónustu fatlaðs fólks. Vinnslan byggir á lagaskyldu, þ.e. 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og þess opinbera valds sem borgin fer með. Veitir þú Reykjavíkurborg ekki umbeðnar upplýsingar getur það leitt til þess að ekki verði hægt að afgreiða umsókn þína.

Hvaða upplýsingar er unnið með?

Réttur til þjónustu í formi akstursþjónustu fatlað fólks byggir á stöðu umsækjenda í margvíslegum skilningi. Unnið er með eftirfarandi upplýsingar um umsækjendur:

Almennar persónuupplýsingar: Nafn, lögheimili/aðsetur, kyn, fjölskyldugerð, kennitala, símanúmer, netfang, ríkisfang, atvinnustaða, menntun, húsnæðisstaða og aðrar upplýsingar sem umsækjandi vill koma á framfæri í umsóknarferli.

Viðkvæmar persónuupplýsingar: Umsækjandi þarf að skila inn fötlunargreiningu, upplýsingar um dvöl á sjúkrastofnun/hjúkrunarheimili/dvalarheimili, upplýsingar um hjálpartæki umsækjanda.

Persónuupplýsingar aðstandanda/tengiliðs/forsjáraðila: Nafn, sími, netfang.

Hvaðan koma upplýsingarnar?

Umsækjandi veitir framangreindar upplýsingar auk þess sem Reykjavíkurborg sækir grunnupplýsingar um umsækjanda til Þjóðskrár. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar kann jafnframt að afla nauðsynlegra upplýsinga úr gagnagrunni velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og frá Tryggingastofnun ríkisins til þess að geta lagt mat á og afgreitt umsókn þessa.

Hversu lengi eru persónuupplýsingarnar geymdar?

Persónuupplýsingar þínar eru geymdar ótímabundið á grundvelli lagaskyldu er hvílir á Reykjavíkurborg. Að tilgreindum tíma liðnum er Reykjavíkurborg skylt að afhenda Þjóðskjalasafni Íslands öll gögn sem unnið er með til varðveislu.

Hvernig tryggjum við öryggi persónuupplýsinganna?

Reykjavíkurborg gætir öryggis persónuupplýsinga með viðeigandi skipulagslegum og tæknilegum ráðstöfunum, þ. á m. aðgangsstýringum og dulkóðun. Allt það starfsfólk sem kemur að vinnslu persónuupplýsinga umsækjanda er bundið þagnarskyldu.

Miðlun persónuupplýsinganna til þriðju aðila

Komi til þess að umsókn um akstursþjónustu fatlaðs fólks sé samþykkt er upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að veita þá þjónustu sem sótt er um og Reykjavíkurborg hefur aflað í tengslum

við umsókn þessa miðlað til framkvæmdaraðila akstursþjónustu fatlaðs fólks. Persónuupplýsingar eru ekki sendar annað án leyfis umsækjanda.

Að tilgreindum tíma liðnum er Reykjavíkurborg skylt að afhenda Þjóðskjalasafni Íslands öll gögn sem unnið er með í tengslum við umsóknir um akstursþjónustu fatlaðs fólks til varðveislu.

Reykjavíkurborg mun að öðru leyti ekki miðla persónuupplýsingum þínum til annarra aðila nema borginni sé slíkt skylt á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða dómsúrskurðar. Þá mun borgin ekki miðla persónuupplýsingum þínum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema á grundvelli sérstakrar heimildar þar um og án þess að upplýsa þig um slíkt.

Réttindi þín

Þú kannt að eiga rétt til þess að fá aðgang að þeim persónuupplýsingum sem Reykjavíkurborg vinnur með í tengslum við umsókn þína. Þá kannt þú að hafa rétt til að andmæla vinnslunni, fá upplýsingarnar leiðréttar, krefjast þess að þeim verði eytt, að vinnslan verði takmörkuð og/eða að þú eða þriðji aðili fái upplýsingar afhentar á tölvulesanlegu formi. Nánari upplýsingar um þessi réttindi þín má finna í persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar sem aðgengileg er á vefsíðu Reykjavíkurborgar.

Kvörtun yfir vinnslu

Sérstök athygli er vakin á því að sért þú ósátt/ur við meðferð Reykjavíkurborgar á persónuupplýsingum þínum getur þú ávallt haft samband við persónuverndarfulltrúa Reykjavíkurborgar (persónuverndarfulltrui@reykjavik.is) eða sent erindi til Persónuverndar. (www.personuvernd.is)